

5. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu

31.10.2011 kl. 17:30

Mætt voru: Hanna Jónsdóttir, Bogi Thorarensen, Hafrún Guðmundsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir, Svanborg Siggeirsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

Hanna setti fund kl. 17:30 og bauð nefndar- og varamenn velkomna.

Dagskrá:

1. Staðan í dag.
2. Önnur mál.

1. Staðan í dag:

- Húsnæðismál; Bæjarstjórn tók vel í hugmyndir okkar um að fatlaðir hafi forgang um úthlutun íbúða í blokkinni og er komið vilyrði þar um. Engin umsókn er virk eins og er en væntanleg á næsta ári.
- Starfsstöð; eftir úttekt af Félags - og Skólaþjóustunni hefur vertið tekin ákvörðun um að úthluta málaflokknum um málefni fatlaðra gamla Skólasjórabústaðnum við Skólastíg.
- Réttindagæslumaður fatlaðra hefur hafið störf og hefur málum verið vísað til hans. Hann stefnir á að verða með aðstöðu og viðveru hér ca. 1x í mán. og gott væri að fá hann til að kynna sig og sitt starf áður en af því verður.

2. Önnur mál:

- Hanna hafði samband við Símenntunarstöðina um námskeið fyrir fatlaða 18 ára og eldri, var því vel tekið og verður námskeið frá þeim næst þegar unglingshelgi verður að Gufuskálum.
- Samstarf við Iðjupjálfunar á HVE; einum einstaklingi hefur verið vísað til iðjupjálfunar á Akranesi.
- Á stefnuskrá L listans er talað um að leita eftir samvinnu við Öryrkjabandalagið um að fjárfesta í íbúðarhúsnæði í Stykkishólmi fyrir félagsmenn sína. Óskar nefndin eftir að fá upplýsingar um hvar þetta mál er statt.
- Hafrún ræddi um þörf á því að hafa eitthvert félagsstarf á kvöldin fyrir fötluð ungmenni þá sérstaklega þau sem lokið hafa grunn- og

framhaldsskólagöngu. Nefndin er sammála um að hafa þessi mál í höndum Símenntunar til að byrja með en að mikilvægt sé að huga að því strax á næsta ári koma einhverju á laggirnar og var möguleikinn á að nýta Skólastjórabústaðinn til þess ræddur. Tilvalið væri að reyna að fá hæfileikaríkt heimafólk til samstarfs við klúbbastarf.

- Rætt um heimsóknarvini Rauða krossins sem eru í boði fyrir alla fatlaða sem ófatlaða. Einnig er í boði Aksturs vinir undir sömu formerkjum.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 30/1 2012 kl. 17:30. Verðum þó í sambandi og fundum fyrir eftalin er þörf á því.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Hanna Jónsdóttir (sign.),

Bogi Thorarensen Bogason (sign.),

Hafdís Bjarnadóttir (sign.),

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign.),

Margrét Ebba Ísleifsdóttir (sign),

Svanborg Siggeirsdóttir (sign).